Maður er manns gaman

Mannlífið um og eftir miðja 20. öld

Pétur og Bergþóra ásamt börnum sínum fyrir framan Gamla kaupfélagið. Frá vinstri: Sigurður, Arnleif, Hreinn og Jóhanna.

Minnisstæðir íbúar í Gamla kaupfélaginu

Pétur Sigurðsson og Bergþóra Sigurðardóttir bjuggu í Gamla kaupfélaginu ásamt börnum sínum (Arnleifu, Jóhönnu, Sigurði, Hreini og Pétri) en börnin voru öll fædd í húsinu. Fjölskyldan fluttist hingað er Pétur var ráðinn útibússtjóri Breiðdalsvíkurdeildar Kaupfélagsins árið 1944. Bjuggu þau á neðri hæðinni allar götur til 1966 þegar þau fluttu í nýbyggt hús sitt, Helluvík.

Baldvin Björnsson frá Höskuldsstaðaseli og Álfheiður Bergsveinsdóttir frá Urðarteigi bjuggu í Gamla kaupfélaginu frá miðbiki fjórða áratugarins og til dauðadags –Álfheiður lést 1959 og Baldvin 1966. Baldvin gerðist afgreiðslumaður hjá Kaupfélaginu þegar þau hjón fluttust út á Breiðdalsvík úr Höskuldsstaðaseli. Gerðist hann þá m.a. fyrsti bensín-afgreiðslumaður þorpsins. Hann var ágætur smiður, smíðaði t.d. ýmsa innanstokksmuni: eldhús- og stofuborð, kolla, rúm o.fl. og einnig mjólkurílát (strokka, byttur o.fl.) og amboð. Hafði hann smíðaherbergi í austurhluta rishæðar Gamla kaupfélagsins. Var gengið upp í það úr eldhúsinu á íbúð hans.

Baldvin og Álfheiður fyrir framan Gamla kaupfélagið.

Það er skemmtilegt að alast upp í litlu þorpi. Krakkarnir á Breiðdalsvík í leik og starfi.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra í heimsókn á Breiðdalsvík á 7. áratugnum. Hér er hann heilsa Pétri Sigurðssyni og Páli Guðmundssyni Gilsárstekk.

Góðir gestir

Bættar samgöngur urðu m.a. annars til þess að Breiðdalsvík komst á áætlun ýmissa skemmtikrafta sem fóru um landið með listir sínar. Þannig var þess t.d. getið í fréttablöðum árið 1960 að heilir fimm eða sex leikflokkar hefðu sótt Breiðdalsvík upp á síðkastið – og heimamönnum líkað misjafnlega vel það sem boðið var upp á.

Jóhann Svarfdælingur eða Jóhann risi kom um miðja síðustu öld og hafði sýningu á sjálfur sér í Ungmennafélagshúsinu á Stöðulbarðinu á Heydölum. Fékk hann að búa í Gamla kaupfélaginu á meðan hann stóð við og voru settir saman tveir dívanar fyrir hann að sofa á en Jóhann var 2,34 m á hæð. Annar aufúsugestur var Lárus Pálsson leikari sem fór hér um 1944 og lék kafla úr *Pétri Gaut* eftir Henrik Ibsen og flutti *Fjallgöngu* Tómasar Guðmundsson í Ungmennafélagshúsinu.

Forsetaheimsóknir

Forsetar lýðveldisins hafa komið hingað í opinberar heimsóknir: Ásgeir Ásgeirsson kom í ágúst 1954 og Kristján Eldjárn í ágúst 1971, Vigdís Finnbogadóttir kom í júlí 1985 og Ólafur Ragnar Grímsson í maí 2001.

Heimsókn forsetahjónanna í Breiðdal

Úr Breiðdal,

HINN 11. þ.m. kom forseti Íslands herra Ásgeir Ásgeirsson og forsetafrú Dóra Þórhallsdóttir í opinbera heimsókn hingað í Breiðdalinn. Fámennu og strjálbýlu byggðarlagi var mikill vandi á höndum að taka á móti þjóðhöfðingja. Breiðdalsvík var fyrsta viðkoma í lögsagnarumdæmi Suður-Múlasýslu, og kom því sýslumaður Sunnmýlinga, Lúðvík Ingvarsson, ásamt frú sinni hingað til að taka á móti forsetahjónunum. Á bryggjunni hafði verið komið fyrir hliði prýddu með fánum og bjarkargreinum, en yfir það strengdur borði með áletruninni: Velkominn forseti Íslands og frú. Áletrunina hafði Sigurður Magnússon, vélstjóri á Breiðdalsvík gert af mikilli smekkvísi.

Laust fyrir kl. eitt gengu forsetahjónin á land. Margt fólk hafði safnast saman á bryggjunni og börn báru litla fána. Sýslumaður ávarpaði forsetahjónin með snjallri ræðu, en forsetinn þakkaði. Sýslumannsfrúin afhenti forsetafrúnni fagran blómvönd. Þá kynnti sýslumaður sveitarstjórnarmenn fyrir forseta og konur þeirra, og að því búnu var gengið til bifreiðanna og ekið í Eydali, þar sem kirkjan og kirkjugarðurinn var skoðað.

Að því loknu var ekið til samkomuhússins, en þar hafði hreppsnefndin boðið forseta og fylgdarliði til kaffidrykkju, ásamt því innanhéraðsfólki, sem tók hafði á að sitja hófið. Þar heilsuðu forsetahjónin öllum viðstöddum en oddviti hreppsnefndarinnar kynnti. Hann stjórnaði og samsætinu, en þar fluttu ræður: Sýslumaður Sunnmýlinga, Lúðvík Ingvarsson, Sigurjón Jónsson, bóndi og sýslunefndarmaður í Snæhvammi, frú Anna Þorsteinsdóttir, Eydölum, séra Kristinn Hóseasson, Eydölum og forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson. Milli ræðnanna var almennur söngur, undir stjórn frú Hlífar Magnúsdóttur á Gilsárstekk.

Samkomuhúsið var skreytt með fánum, blómum og bjarkargreinum, og borð öll smekklega prýdd, en það höfðu nokkrar konur og blómarósir annast af mikilli alúð og smekkvísi.

Að lokinni kaffidrykkju ræddu gestir saman í samkomusal nokkra stund, en því næst var forsetinn kvaddur og hylltur. Allmargt fólk fylgdi svo forsetahjónunum á bryggjuna þar sem lokakveðjuathöfn fór fram. Sýslumaður Sunnmýlinga fór með þeim til skips, og fylgdi þeim á ferð þeirra um sýsluna.

P. G.

Heimsókn forsetahjónanna lýkur í dag í Höfn

HINNI opinberu heimsókn forsetahjónanna lýkur í dag á Höfn í Hornafirði, en þar gistu þau í nótt. Í fyrrinótt gistu þau á Breiðdalsvík, en í gær heimsóttu þau Djúpavog. Hér á eftir fara frásagnir tveggja fréttaritara Mbl. um heimsókn forsetahjónanna:

Breiðdalsvík 10. ágúst.

Um kl. 20.20 í gærkvöldi tóku nokkrir Breiðdælingar á móti forsetanum, hr. Kristjáni Eldjárn og frú Halldóru og fylgdarliði þeirra í Hvalnesskriðum á hreppamörkum Stöðvarfjarðar og Breiðdals, en þar þykir hrikalegt, snarbrattar skriður á aðra hönd og hafið á hina, enda hafði forsetinn orð á sérkenni móttökustaðarins. Síðan var ekið í barnaskólann í Staðarborg, en þar var kaffisamsæti þar sem 60—70 gestir voru mættir. Við komuna þangað afhenti lítil stúlka forsetanum blómvönd. Séra Kristinn Hóseasson, sóknarprestur stjórnaði samsætinu. Ávörp fluttu Valtýr Guðmundsson sýslumaður, Guðjón Sveinsson kennari, Anna Þorsteinsdóttir prestsfrú og Sigurður Lárusson bóndi, sem afhenti forsetahjónunum að gjöf smámynd frá Breiðdælingum. Það er innrömmuð hvít rós, klippt úr pappír og límd á svartan grunn. Mynd þessi er gerð af Helgu Gröndal, dóttur Benedikts Gröndal eldra og var vígslugjöf til séra Benedikts Þórarinssonar er hann vígðist af Geir biskupi Vídalín 5. ágúst 1821 og varð kapelán hjá frænda sínum, Árna prófasti Þorsteinssyni í Kirkjubæ í Hróarstungu. Ættfróðir menn rekja þarna saman ættir forsetans og afkomenda séra Benedikts, sem enn eru nokkrir í Breiðdal. — Myndin var ættargripur. Forsetinn flutti síðan ræðu og var hófinu slitið laust fyrir miðnætti. Forsetahjónin og fylgdarlið gistu í nótt í skólanum, en héldu í morgun klukkan 9.30 áleiðis til Djúpavogs. Nokkrir Breiðdælingar fóru með að hreppamörkum

Framhald á bls. 19.

Frétt Morgunblaðsins 26. ágúst 1954 frá heimsókn Ásgeirs Ásgeirssonar og frétt Morgunblaðsins 11. ágúst 1971 frá heimsókn Kristjáns Eldjárns.

Guðjón Sveinsson oddviti heldur ræðu við komu Vigdísar Finnbogadóttur 1985.

Kristján Eldjárn forseti á spjalli við sr. Kristinn Hóseasson og Pétur Sigurðsson.

Á tröppunum fyrir framan Arnarhvol um 1957. Frá vinstri: Arnleif Pétursdóttir, Bára Hafsteinsdóttir Bjarmalandi, Sigurður Sigurðsson Arnarhvoli, Jóhanna Pétursdóttir, Einar Björnsson Hamri, og Indriði Einarsson.

Líf og fjör

Eftir því sem atvinna jókst í Breiðdalsvík fjölgaði fólkinu. Þar við bættust árstíðabundnir álagstímar, svo sem við söltun og slátrun. Þá snarfjölgaði í þorpinu og utanbæjarmenn settu sterkan svip á samfélagið.

Sláturtíðin, frá í september og fram í október á hverju hausti, var spennandi tími í Breiðdalsvík. Þá iðaði þorpið af lífi er þangað komu þúsundir fjár til slátrunar og menn flykktust að af öllu landinu til að ná sér í skotsilfur – og sóttu kannski líka í fjörið sem slíku vertíðarlífi fylgir.

Efnt var stöku sinnum til dansleiks að vetrarlagi, kannski með einhverju dagskrárívafi, á þessum eða hinum sveitabænum þar sem skilyrði voru brúkleg. Stöku sinnum voru dansleikir í húsakynnum kaupfélagsins eða Hamri. Og svo kom fyrir að æft var leikrit og sýnt, með dansi á eftir. Þegar sumraði lifnaði yfir félagslífinu, þegar mikið af ungu fólki kom heim. Ungmennafélagið stóð fyrir mannamótum sem ýmist voru fyrir félagana eða almennar samkomur. Líknarfélagið Eining stóð árlega fyrir veglegri samkomu á hverju sumri. Og svo voru samkomur í nágrannabyggðum sem sumar hverjar voru sóttar af öllu Austurlandi.

Heimir Þór Gíslason: *Brot af bernskuminningum* [óútg.]

Félagslíf og skemmtanir

Félagslíf hefur jafnan verið blómlegt í Breiðdal og fjölmörg félög auðgað mannlífið með starfi sínu. Meðal helstu félaga hin síðari ár eru: Kvenfélagið Hlíf, UMF Hrafnkell Freysgoði, Lionsklúbburinn Svanur, Björgunarsveitin Eining, Rauða krossdeildin og kirkjukórinn.

Þann 27. júlí flutti ég [Daníel Ágústínusson erindreki] *erindi á skemmtisamkomu í Breiðdalnum, er haldin var í Heydölum af líknarfélaginu Einingin, sem starfað hefir í sveitinni síðan 1912. Þorbjörg Pálsdóttir á Gilsá er formaður og gegnir þeim störfum með miklum dugnaði. ... Skemmtunin var fjölsótt og fór ágætlega fram og varð ég ekki annars vísari, en að máli mínu væri tekið með vinsemd. Dansað var til kl. 6 um morguninn og þótti mér það mikil ending.*

Tíminn, 4/10 1941.

Stefán Einarsson safnar röddum

Þótt starfsvettvangur Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum væri lengst af fjarri heimahögum var hann mjög áhugasamur um að safna saman fróðleik og öðrum heimildum af Austurlandi, sérstaklega frá Breiðdal. Stefán var einn af aðalhvatamönnum fyrir útgáfu á sögu Breiðdals, *Breiðdælu*, sem kom út árið 1948. Söfnun örnefna var Stefáni mjög hugleikin og ferðaðist hann talsvert um Austurland þeirra erinda. Hann var afkastamikill fræðimaður og sívinnandi. Í bréfi til æskuvinar síns, Sigurjóns Jónssonar í Snæhvammi, dags. 17. október 1952 skrifar Stefán:

Stefán Einarsson.

„Já blessaður kallinn hann Jón Björgólfsson, sá man nú sitthvað og það sem best er, að hann getur hermt eftir köllunum. Hann hermdi eftir Birni gamla Björnssyni svo að mér heyrðist kallinn lifandi kominn! Þú ættir nú bara að slá þér upp á því að skrifa ævisögu Jóns eins og Hagalín ævi Sæmundar. Betra væri þó að taka alla frásögnina upp á rafband og geyma Jón talandi niðrí dós! Í dós vildi ég líka geyma talanda Gísla á Brekkuborg, því hann hygg ég tala einhverja þá allrafallegustu Breiðdælsku sem ég heyrði síðast heima.“

Tveimur árum síðar er Stefán sjálfur búinn að koma röddum þessara tveggja heiðursmanna ásamt mörgum fleirum fyrir *talandi niðrí dós*. Eftir að hafa ferðast um Austurland og safnað röddum á segulbönd einn fyrstur manna.

Breiðdalsvík 1954